

Eitt blað á viku minst. Árg. 3 kr.
borgist fyrir 1. Júlí, (erlendis 4 kr.
borgist fyrirfram).

BJARKI

Auglýsingar 8 aura línan; mikill af-
sláttur ef oft er auglýst. Uppsögn
skrifleg fyrir 1. Október.

II. ár. 52

Seyðisfirði, föstudaginn 24. Desember

1897.

Erlend tíðindi.

Það eru tvö mál sem nú er mest talað og skrifað um nú á þessum dögum um allan hinn mentaða heim.

Annað fer fram á Frakklandi, hið svo kallaða Dreyfus-mál, en hitt er deilan milli þýska og slavneska flokksins í Austurríki.

Um Dreyfus og mál hans er svo mikið skrifað og telegrafferað nú í útlandum blöðum, sem bárust með Vaagen, að langt myndi hrökkva í heilan árgang af Bjarka og verður því að fara hjer fljótt yfir sögu. Hún er þess verð að hennar sje getið, því þó hún sje í sjálfri sjer hvorki óvanaleg nje merkileg þá gefur hún ágæta hugmynd um siðferðisgrundvöll þann, sem stjórna og ríkjaskipun hinna kristnu og siðuðu þjóða hvílir á.

Það er kunnugt að öll stórveldin, og hin smáu raunar líka eftir efnum, ala heilan her af njósnarmönnum eða öllu fremur af þjófum og svikurum úti um víða veröld. Þessir menn hafa það ætlunarverk að stela, svíkjja eða kaupa af þjónum og embættismönnum nábuastjórnanna ýms leyndarmál, einkum alt það er lýtur að herbúnaði og víggirðingum og annað sem stjórnum þykir umvert að vita. Hjer eiga öll ríki hlut í grautargerð. Sína eigin sendibófa kallar hvert ríki ættjarðarvini og launar vel, auðvitað alt á laun, en alla ættjarðarvini hinna ríkjanna, sem það nær í á ófriðartímum heingir það, höggur af þeim höfuðið eða skýtur þá; á friðartímum sleppa þeir oftast með ævilanga fangavist

Frakkar og Þjóðverjar hafa nú síðari árin eldað mjög grátt silfur saman með þessa njósnarpilta. Ýmist hafa Frakkar mútað þjóðverskum embættismönnum eða Þjóðverjar frönskum til að stela skjölum frá stjórn sinnar eigin ættjarðar eða komast fyrir leyndarmál hennar, eða hvorir hafa sent öðrum njósnarmenn suma ormhála og ljónslægja. Stundum hefur verið send á einhverna vissan mikilsvarðandi mann hjá nábuunum, úng og lokkandi hjer fröken, sem með brögðum hefur komið sjer í mjúkinn hjá honum orðið fylgikona hans og lokkað svo launungarnar út úr honum og stolið frá honum eins

og hrafn. Þegar þetta kemst upp um frökenarnar, þá er þeim aldrei annað gert en að þær fá ókeypis flutning út yfir landamærin. Kallmönnum er aftur lúskrað dálítið betur.

Þess hefur vafalaust verið getið í íslenskum blöðum árið 1894 að franska stjórnin náði í brjef, sem sýndi ótvíræðlega að Þjóðverjar höfðu njósnarmenn í fyrirlíðaflokki hins franska hers og það ofarlega. Höndin á brjefinu líktist hendi Dreyfus flokksforingja (kafeins). Sökin var borin á hann en hann neitaði þverlega. Málið var sótt með hörku og loks dæmdi herdómurinn Dreyfus til ævilángrar fangaútleigðar og stjórnin lét flytja hann til Púkaeyar, sem er svolíttill eyðiklettur við norðausturströnd Suðurameríku. Þar vex ekkert stíngandi strá fyrir sólarbruna og þar situr fanginn beygður og sinnulíttill í litlum húshjalli með háum járngrindum í kríng á þessari eyðiklökk, og 11 varðmenn, sem er bannað að tala við hann eitt orð, og hann fær ekkert að gera. Þarna er hann orðinn gamallegur og gráhærður á þrem árum og var dauðvona þegar síðast frjettist.

En nú víkur sögunni til Parísar. Núna í miðjum Nóvember skrifar varaforseti efri deildar franska þingsins, Scheurer-Kestner, hermálaráðgjafanum brjef, og segir honum að hann hafi glögg og óræk skilríki í höndum fyrir því, að Dreyfus hafi verið dæmdur og þjáður að ósekju. Hann geti sannað að brjef það sem D. var dæmdur fyrir sje als ekki með hans hendi. Á því sje hönd annars hátt-standandi hershöfðingja.

Nú komst alt á flug; blöðin risu upp með og mót í æði og stjórnsleysi. Sum jusu heitingum yfir Dreyfus og sögðu að Scheurer hefði verið mútað af Þjóðverjum og reyndu að æsa þjóðarhatrið upp á móti honum en vildu láta stjórnina senda til púkaeyarinnar og taka þessa líftóru sem eftir væri í Dreyfusi svo niðingnum yrði ekki bjargað. Þennan hóp fylti meiri hluti blaðanna. Þó voru margir frjálslyndir og daugandi menn sem þökkuðu Saheurer, og reyndu að koma vitinu fyrir lýðinn, og stoð-

aði þó lítið. Þjóðverjahatrið er svo ríkt, að skynsemi, mannúð og rjettlæti verður þar laungum að lúta og þegja. Hermála ráðgjafi Billot og ráðaneytið alt var ófúst á nýja rannsókn, og kvað herforingjadóminn yfir Dreyfusi löglegan að öllu.

En nú skrifar bróðir Dreyfusar Billot ráðgjafa brjef og segir bróður sinn algjörlega sýknan en sá sanni sökudólgur sje Esterhazy greifi og deildarstjóri (majór).

Esterhazy greifi þaut strax til allra blaða með æf mótmæli og kvaðst viðbúinn að sýna sakleysi sitt, en böndin bárust að honum á marga vegu. Hann eyðir ofjár og getur ekki gert grein fyrir hvar hann fær alt það sje. Eins hefur eitt blaðið náð í brjef sem í standa vestu skammir um her Frakka. Brjefin voru keyft af einni fylgikonu greifans og neitaði hann fyrst að hafa skrifað þau, en hefur þó síðar orðið að gangast við því. Í brjefinu sem Dreyfus var dæmdur fyrir upphaflega stóðu þessi orð að niðurlagi. »Nú fer jeg til heræfinganna«. Nú hefur það sannast að Dreyfus var als ekki við heræfingarnar en Esterhazy var þar aftur, og það eftir eigin ósk. Eitt Parísar blaðið segir að kvöldið áður Dreyfus var dæmdur hafi þáverandi ríkisforseti Casimir Perier feingið brjef frá Vilhjálm Þjóðverjakeisara þar sem hann setti orð sitt og tign að veði fyrir því, að Dreyfus hefði aldrei svikið ættjörð sína eða nein launungarmál í hendur þjóðverja. Þýsk blöð neita þó þessu og er sagt að keisari neiti nú að bera vitni. Umsjónarmaður hermanna dýblissunnar hefur og skrifað langt brjef í blöðin og kvaðst alveg sannfærður um sakleysi Dreyfusar. Svo hart hafði verið geingið að málunum 1894 að deildarstjóri í hernum, Picquart að nafni, var sendur til hersins í Tunis, af því hann sagðist viss um sakleysi Dreyfusar og bauð að sanna það. Nú hefur hann verið kallaður heim, og sýnist stjórnin þó hafa gert það nauðug en orðið að þoka fyrir kröfu þjóðarinnar.

Síðustu blöð segja að rannsóknardómurinn í málinu, Pellieux deildarstjóri, hafi gert húsrannsókn og tekið brjef frá Picquart áður hann

kom heim og nú ætli bæði Pellieux að eyða málinu og bæla það niður. Móti þessu hefur þing og þjóð risið upp og neytt dómsmála ráðgjafann til að segja af sjer og talið er víst að alt ráðaneytið muni falla ef rannsókninni er ekki haldið tafarlaust áfram.

Alt er á tjá og tundri í París og svo er sagt að slíkt hafi þar ekki ágeingið síðan Panamamálið gamla var á ferðinni. Menn skammast blöðugum skömmum og ritstjórar skora þar hverir á aðra til einvígis. Heilum sögum logið upp á morgnana og alt svo rekið aftur á kvöldin. Síðan er alt þetta sent í álnarlaungum hraðskreytum út um allan hinn mentaða heim.

Meirihluti manna hyggur Dreyfus saklausan, en annars er öllum rannsóknum haldið leyndum svo alt er óvíst. Vellíklegt er að málinu sje nú lokið; en við, telegrafflausu greyin, verðum nú að láta framhaldið bifa seinni skipanna og biðja »góðfúsán lesara« að hafa biðlund þangað til þau koma.

Óeirðirnar í Austurríki

hafa verið annað aðal umtalsefnið úti um heiminn síðustu mánuðina og eru það enn þá. Frá upptökum og orsök þeirrar róstu var sagt í Bjarka fyr í vetur í útlandum tíðindum. Eins og þar var getið, þá byggja Austurríki tveir aðal kynflokkar: Þjóðv. og Slavav. Slavav greinast aftur í marga þjóðflokk og eru Tsekkar þar stærsti flokkurinn en allir þeir flokkar samtaldir eru tæpir tveir þriðju hlutar landsmanna en Þjóðverjar rúmur þriðjungur, og því langtærsti flokkurinn að tiltölu.

Þjóðverskan er eins og kunnugt er frægt mentamál og ein af heimstúngunum og Þjóðverjar hafa leingi ráðið mestu í Austurríki og tunga þeirra verið ríkismál, svo að öll opinber málefni hafa farið fram á þýsku.

Slavnesku flokkunum hefur nú oft komið miður vel saman, en á það hafa þeir allir verið sáttir að hata þýskuna og ryðja henni úr öndvegi ef færi gæfist.

Nú hefur um stund setið í ráðaneytis forsæti Austurríkis maður sem Badeni heitir, pólværskur